

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1053

Dagsetning: 14. janúar 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Ingunn Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri á mannauðssviði og persónuverndarfulltrúi, sat fundinn undir liðum 5 og 6. Elín Eiríksdóttir vefstjóri sat fundinn undir liðum 7 og 8.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. janúar var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Verklagsreglur um farsímakostnað starfsfólks

Farið var yfir verklagsreglur um farsímakostnað, sem gert er árlega. Framkvæmdastjórn ákvað að halda reglunum óbreyttum.

### 4. Samgöngustyrkur og heilsustyrkur

Rætt var um hækkun upphæða á samgöngustyrk og heilsustyrk fyrir starfsfólk í samræmi við hækkun hjá öðrum ríkisstofnunum. Samþykkt var að hækka samgöngustyrk í 132.000 krónur á ári og að hækka heilsustyrk starfsfólks í 81.000 krónur á ári.

### 5. Jafnlaunavottun

Ingunn Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri á mannauðssviði og persónuverndarfulltrúi, kom á fundinn og fór yfir úttekt á kynbundnum launamuni innan stofnunarinnar vegna jafnlaunavottunar. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á launum kynja innan stofnunar þegar tekið hafði verið tillit til skýribreyta. Framkvæmdastjórn samþykkti niðurstöður úttektarinnar.

### 6. Erindi Persónuverndar

Ingunn Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri á mannauðssviði og persónuverndarfulltrúi, kom á fundinn. Fjallað var um vinnu vegna erindis frá Persónuvernd. Vinnan er í gangi og

áfram unnið að heildarendurskoðun á samningum um sameiningu sjúkraskráa við einkareknar heilsugæslustöðvar.

## 7. Lokun Workplace

Elín Eiríksdóttir vefstjóri kom á fundinn til að ræða hvað taki við þegar Workplace lokar. Hún kynnti minnisblað þar sem farið var yfir þá tvo kosti sem eru í boði. Framkvæmdastjórn samþykkti tillögu í minnisblaðinu um að samið verði um notkun á Workvivo til þriggja ára.

## 8. Grænu skrefin

Elín Eiríksdóttir vefstjóri kom á fundinn og ræddi um stöðuna á grænu skrefunum hjá HH. Ákveðið var að fara betur yfir málið á fundi framkvæmdastjórnar í lok janúar.

## 9. Heilsugæslustöðvar í Breiðholti

Rætt var um erfiða stöðu á mönnun lækna hjá Heilsugæslunni Efra-Breiðholti og Heilsugæslunni Mjódd. Rætt var um möguleika á að fá nýjan fagstjóra lækninga til starfa hjá Heilsugæslunni Efra-Breiðholti. Einnig rætt um mögulegt samstarf við aðrar stöðvar sem eru betur mannaðar.

## 10. Húsnæðismál Heilsugæslunnar Miðbæ

Upplýst var um samskipti Heilbrigðisráðuneytisins við borgarráð Reykjavíkurborgar um að stækka Heilsugæsluna Miðbæ. Unnið er að samkomulagi um að HH fái aðliggjandi húsnæði að núverandi stöð. Í húsnæðinu er í dag starfrækt dagvist aldraðra á vegum borgarinnar. Unnið er að því að dagvistin færist í annað húsnæði.

## Aðgerðir og verkefni

- Tilkynna þarf niðurstöðu um hækkun á styrkjum, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SKP
- Tilkynna þarf niðurstöðu vegna jafnlaunavottunar, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf áfram að svari við erindi Persónuverndar, sjá lið 6.  
Ábyrgð: SDM og NSK
- Fá þarf tilboð vegna Workvivo og semja um þjónustuna til þriggja ára, sjá lið 7.  
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf að lausnum á erfiðri stöðu heilsugæslustöðva í Breiðholti, sjá lið 9.  
Ábyrgð: SDM og NSK
- Fylgja þarf eftir breytingum á húsnæðismálum Heilsugæslunnar Miðbæ, sjá lið 10.  
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:05.